

46. fundur

2. desember 2021

2009504SA
Málalykill: 16.32

Fundargerð samstarfsnefndar Félagsráðgjafafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Félagsráðgjafafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga fimmtudaginn 2. desember 2021 kl. 13:00. Fundað var í fjarfundi.

Mætt voru:

Fyrir hönd félagsins: Steinunn Bergmann og Eldey Huld Jónsdóttir

Fyrir hönd sambandsins: Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Bókun 7 í kjarasamningi

Fjallað um bókun 7 í kjarasamningi aðila um áfanga til sérfræðiviðurkenningar. Bókun er svohljóðandi:

Aðilar eru sammála um að útfæra á samningstímanum með hvaða hætti áfangar til sérfræðiviðurkenningar verði metnir til launa með það að markmiði að breytingar taki gildi við upphaf næsta kjarasamnings. Vinnu verði lokið fyrir 31. desember 2020.

Áfangar til sérfræðiviðurkenningar taka gildi 1. janúar 2021.

Farið yfir málið og rætt um mikilvægi þess að komast að niðurstöðu um sérfræðiviðurkenningar félagsráðgjafa.

Niðurstaða:

Aðilar munu hittast fljótlega og ljúka vinnu við sérfræðiviðurkenningu félagsráðgjafa og senda upplýsingar til sveitarfélaga fyrir áramót 2021/2022.

Næsti fundur verður 15. desember n.k. kl. 11.00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:30

